



# Áherslur ASÍ gagnvart stjórnvöldum

## 1 Aðgerðir í skattamálum

- a. Sérstakur persónuafsláttur.
  - i. Að tekinn verði upp sérstakur mánaðarlegur 20.000 kr. persónuafsláttur, sem fari lækkandi frá 150.000 kr. og fjari út við 300.000 kr. tekjur á mánuði.
  - ii. Persónuafslátturinn verði meðhöndlaður með sama hætti og barnabætur og staðgreiðslukerfinu ekki raskað.
- b. Barnabætur.
  - i. Skerðingarmörk barnabóta verði hækkuð í 150.000 kr. fyrir einstakling og 300.000 kr. fyrir hjón. Tekjutenging vegna 2. og 3. barns lækki um 1 prósentustig.
- c. Vaxta- og húsaleigubætur.
  - i. Dregið verði úr eignatengingum vaxtabóta með verulegri hækkun skerðingarmarka og húsaleigubætur hækki verulega.

## 2 Áherslur í menntamálum

- a. Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðar sameinist um stefnu sem felist í því að ekki verði fleiri en 10% á vinnumarkaði án viðurkenndrar stafs- eða framhaldsmenntunar árið 2020 og fjármögnun verði tryggð.
  - i. Framlög til starfsmenntunar og fullorðinsfræðslu verði aukin í 500.000.000 kr.
  - ii. Sett verði í lög að allir eigi rétt á viðurkenndu framhaldsnámi á kostnað ríkisins.
  - iii. Tryggt verði að almenningur eigi rétt á raunfærnimati með sömu kostnaðarskiptingu og í fullorðinsfræðslu (85-10-5 reglunni milli ríkis, fræðslusjóðs og einstaklings).
- b. Tryggt verði að launafólk hafi raunhæfan möguleika á að sækja sér aukna menntun og fræðslu.
  - i. Heimilt verði að nýta séreignarsparnað sem menntareikninga án þess að skattfrelsi innborgana raskist.
  - ii. Settar verði reglur sem heimili fullorðnu fólki (25 ára og eldra) að fá námslán til að ljúka viðurkenndu framhaldsnámi án tengsla við fyrri tekjur.
- c. Aðstaða til verknáms og bóknáms verði jöfnuð.
  - i. Efnisgjöld hjá nemum á verknámsbrautum verði felld niður og viðmiðun í hópafjölda lækkuð í 12.
  - ii. Að starfsmenntun standi jafnfætis háskólanámi með 70% þátttöku ríkis í kennslulaunum á starfsmenntanámskeiðum.

### 3 Áherslur í velferðar- og vinnumarkaðsmálum

- a. Lágmarksbætur.
  - i. Tryggt verði að lágmarksviðmið í velferðarkerfinu verði á hverjum tíma skilgreind út frá tekjudreifingu 25 ára og eldri og miðist við 50% af miðgildi tekna þeirra. Samkvæmt þessu yrðu lágmarksbætur 150.000 kr.
- b. Atvinnuleysisbætur.
  - i. Grunnbætur verði 150.000 kr. á mánuði.
  - ii. Tekjutenging atvinnuleysisbóta miðist við 80% fyrri tekna.
  - iii. Hámarksbætur miðist við 270.000 kr. á mánuði.
  - iv. Skýr heimild verði til að greiða viðbótarbætur frá bótasjóðum stéttarféлага án skerðingar bóta Atvinnuleysistryggingasjóðs.
- c. Meðábyrgð í vinnuslysum.
  - i. Skaðabótalögum verði breytt á þann veg að meðábyrgð í vinnuslysum verði ekki felld á launafólk nema tjónið verði rakið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis.
- d. Starfsmenn í dótturfyrirtækjum skráðum erlendis.
  - i. Gerðar verði nauðsynlegar og heildstæðar lagabreytingar þannig að réttarstaða íslenskra starfsmanna með lögheimili á Íslandi, sem eru að störfum erlendis fyrir dótturfyrirtæki íslenskra fyrirtækja, verði tryggð.
- e. Rökstuddar uppsagnir.
  - i. Meginefni ILO samþykktar nr. 158 verði gildistekið með löggjöf ef ekki tekst að ná samningum við atvinnurekendur um gildistöku.
- f. Greiðslur í orlofs- og starfsmenntasjóði.
  - i. Lögum 19/1979 verði breytt þannig að kjarasamningsbundin réttindi tengd greiðslu til orlofs- og starfsmenntasjóða verði tryggð öllu launafólki.